

Hluthafafundur í Reginn hf. 12. október 2023

Fimmtudaginn 12. október 2023 klukkan 16:00 var haldinn hluthafafundur hjá Reginn hf., kt. 630109-1080, á The Reykjavík EDITION, Bryggjugötu 8, 101 Reykjavík.

Fundarstörf:

1. Fundarsetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst á því að stjórnarformaður Regins hf., Tómas Kristjánsson, setti fundinn. Stungið var upp á Óskari Sigurðssyni, lögmanni, sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Óskar Sigurðsson tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri lagði til að Dagbjört Erla Einarsdóttir yrði kjörin fundarritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað samkvæmt 16. gr. samþykktu félagsins með birtingu tilkynningar í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 20. september 2023 og með auglýsingu í Morgunblaðinu þann 21. september 2023. Fundurinn væri því lögmaður hluthafafundur. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á hluthafafundinn fyrir 74,84% hlutafjár.

3. Dagskrá:

3.1. Heimild til handa stjórn til hækkunar hlutafjár

Fyrir fundinum lá tillaga um heimild til handa stjórn félagsins til þess að hækka hlutafé þess um allt að kr. 1.670.351.049 til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutafé í Eik fasteignafélagi hf. Lagt var til að nógildandi ákvæði í 2. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins verði fellt brott í heild sinni og þess í stað bætist við 4. gr. eftirfarandi málsgrein:

Tillagan var svohljóðandi:

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 1.670.351.049 að nafnverði með áskrift nýrra hluta til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutafé í Eik fasteignafélagi hf. Áskriftargengi hinna nýju hluta skal vera í samræmi við skilmála valfrjálsa yfirtökutilboðsins. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktum þessum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Stjórn félagsins er enn fremur heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun. Hluthafar skulu falla frá forgangsrétti samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Heimildin skal gilda í tólf mánuði frá samþykkt.

Stjórnarformaður Regins hf. gerði grein fyrir tillögu stjórnar og stöðu mála.

Engar umræður urðu um tillöguna.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Enginn greiddi atkvæði á móti tillögunni. Setið var hjá fyrir 3,86% atkvæðisréttar í félaginu.

3.2 Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.

4. Frágangur fundargerðar

Sú tillaga var borin undir fundinn að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá og undirrita fundargerð án þess að hún væri lesin upp fyrir fundinn. Tillagan var samþykkt. Jafnframt tilkynnti fundarstjóri að fundargerðin yrði aðgengileg fyrir fundarmenn á heimasíðu Regins hf., www.reginn.is. Auk þess sem helstu niðurstöður fundarins yrðu birtar í Kauphöll.

Fundi slitið kl. 16:15.

Fundarstjóri:
Óskar Sigurðsson, lögm.

Fundarritari:
Dagbjört Erla Einardóttir, lögm.